

Sumarhúsatrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Skilmáli E-8

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínun síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Sumarhúsatrygging?

Sumarhúsatrygging Varðar veitir viðtæka og alhliða vernd og bætir tjón sem verður á sumarhúsi m.a. vegna vatns, foks, innbrots, asahláku, sótfalls eða frostsprungna. Innbústrygging er einnig innifalin í sumarhúsatryggingunni sem tryggir eigendur fyrir meiriháttar tjónum s.s. bruna, vatnstjóni og innbroti. Ennfremur er ábyrgðartrygging innifalin sem tryggir eigendur sumarhúsa fyrir bótaskyldu sem getur fallið á þá. Löggjald sumarhúsatryggingarinnar fer annars vegar eftir váttryggingarfjárhæð innbús og hins vegar brunabótamati sumarhússins. Sumarhúseigandi velur sjálfur eigin áhættu sem hann ber ábyrgð á komi til tjóns.



Tryggingin bætir

Innbústrygging sumarhúss

- ✓ Tjón á innbúi af völdum eldsvoða, eldingar eða sprengingar.
- ✓ Tjón á innbúi vegna sótfalls, slökkvi-, björgunar- og hreinsunaraðgerða vegna tjóns.
- ✓ Tjón á innbúi vegna vatns, gufu eða olíu, sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök innan útveggja og sökkuls vegna bilunar eða mistaka.
- ✓ Tjón á innbúi vegna innbrots, ráns eða skemmdarverks.
- ✓ Tjón á innbúi vegna óveðurs, skyndilegs snjópunga eða yfirborðs- vatns vegna skyndilegs úrhellis eða asahláku.

Húseigendatrygging sumarhúss

- ✓ Tjón vegna vatns, gufu eða olíu, sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök innan útveggja og sökkuls vegna bilunar eða mistaka.
- ✓ Tjón sem verður ef yfirborðsvatn, sem orsakast af úrhelli eða asahláku, verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá.
- ✓ Tjón vegna frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi.
- ✓ Tjón á húseign af völdum innbrots eða innbrotstilraunar.
- ✓ Tjóns sem verður vegna skyndilegs sótfalls frá eldstæðum og viðurkenndum kynditækjum.
- ✓ Tjón á húseign sem er bein afleiðing af óveðri eða roki þegar vindhraði fer yfir 28,5 m/s.
- ✓ Brot eða hrun á loftklæðningum eða naglföstum innréttingum, sem rekja má til óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða.
- ✓ Tjón sem verður á gleri eftir ísetningu.
- ✓ Tjón vegna skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg fasteignar.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



Tryggingin bætir ekki

Innbústrygging sumarhúss

- ✗ Sviðnun eða bráðnun á innbúi án þess að eldur verði laus.
- ✗ Tjón vegna sóts eða reyks sem myndast smám saman vegna notkunar á eldstæði.
- ✗ Tjón vegna hægs leka eða smits sem kemur smám saman fram.
- ✗ Tjón vegna innbrots eða þjófnaðar úr fellihýsum, tjaldvögnum eða tjöldum.
- ✗ Tjón vegna utanaðkomandi vatns s.s. frá þökum, þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns.

Húseigendatrygging sumarhúss

- ✗ Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá t.d grunnþakrennum, svölum eða frárennslisleiðslum.
- ✗ Tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum.
- ✗ Tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrórnað af notkun eða ónógrri undirbyggingu.
- ✗ Tjón vegna sigs á grunni húseignarinnar, s.s vegna útskolunar á jarðvegi.
- ✗ Tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum eða gróðri.
- ✗ Tjón sem er bótaskyldt úr brunatryggingu húseignarinnar.
- ✗ Tjón á þeim hlut sem veldur tjóni vegna vökvaútstreymis, svo sem rör, ofnar eða tæki.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðareglur?

- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Skilyrði fyrir bótagreiðslu úr innbústryggingu, vegna tjóns sem verður á tímabilinu 1. október til 30. apríl, er að þegar ekki er dvalið í húsinu sé lokað fyrir vatnsstreymi og vatnslagnir og jafnframt að viðfest tæki sé tæmd af vatni þegar hættu er á frosti.
- ! Læsa ber tryggilega sumarhúsinu og öðrum stöðum sem vátryggingin tekur til þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Ennfremur ber að loka gluggum, séu þeir ekki útbúnir sem mannheldir þegar þeir eru opnir.
- ! Húseiganda, er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa úr þeim aur eða klaka.



Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir aðeins vegna sumarhúsa á Íslandi.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Veita Verði, ef nauðsyn krefur, aðgang að sumarhúsi til þess að skoða það og umbúnað þess.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi.

Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst vátryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.